

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefndar
Frá: Dagný Finnbjörnsdóttir
Dags. 21. febrúar 2024
Mnr. 2024020118



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – snjósöfnun Ísafjarðarbæjar á íþróttasvæðinu Torfnesi

Þegar snjómokstur fer fram á Seljalandsvegi er snjó safnað í stóra hóla fyrir ofan Torfnes svæðið. Þegar vorar og fer að hlýna bráðnar snjórinn niður og lekur allt vatn niður að íþróttasvæðinu. Versta svæðið er fyrir ofan Vallarhúsið, drullusvað myndast, mikil bleyta er í brekkunni og á milli Vallarhúss og Kerecisvallar langt fram eftir sumri. Þar liggur m.a. gönguleið leikmanna, dómara og starfsfólks inn á leikvöllinn. Einnig er þetta svæði aðkoma að skotíþróttasvæðinu.

Forstöðumaður íþróttamannvirkja telur líklegt að dren við vallarhús taki ekki við þessum snjó og að drulla stífli lagninnar. Drulla og bleyta er fram eftir sumri í kringum svæðið.

Íþróttá- og æskulýðsfulltrúi óskar eftir svári um hvort finna megi aðrar leiðir með snjósöfnun á þessu svæði.